

AFREKSSTEFNA 2020-2024



Á starfsárinu 2019 voru 13 íþróttafélög með starfandi taekwondo-deildir í 11 héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Iðkendur samkvæmt starfsskýrslum árið 2019, eru rúmlega 900. Í kring um 300 iðkendur eru í félögum sem hafa verið utan TKÍ en þau félög eru nú að klára umsóknarferli inn í ÍSÍ og TKÍ.

Íþróttin hefur undanfarin ár dalað í vinsældum auk þess sem árangur hefur staðið í stað á mörgum sviðum, sér í lagi afreks- og menntamálum. Er það skýr stefna stjórnar að taka á þessum málum og koma undirstöðunni fyrir íþróttina á hreint á næstu 4 árum.

Fyrsta árið verður lögð áhersla á að koma betra skipulagi og yfirsýn á starfsemi félaga, þátttöku þeirra í starfi TKÍ og að landsliðin verði sýnilegri og skili betri árangri. Einnig er hafið átak í móta og dómaramálum TKÍ. Tímabilið '20-'21 verður farið af fullum þunga í menntunarmál þjálfara og útgáfu náms- og kennsluefnis fyrir bæði iðkendur og þjálfara.

Á seinni hluta afreksstefnunnar, árin '21-'23 verður stefnan sett á að starf TKÍ verði orðið mun þroskaðra, bæði milli félaga, sem tengiliður milli iðkenda og ÍSÍ sem og alþjóðlega.

Markmið

Markmið afreksstefnu TKÍ 2020-2024 er að koma á góðum samskiptum og samstarfi til að bæta árangur í taekwondo-íþróttinni á Íslandi. Samhliða því starfi verður farið markvisst í að breiða íþróttina út og skapa sterkari grundvöll til framtíðar. Með því að setja raunhæf markmið í afreksstefnu sambandsins byrja á byrjuninni og halda áfram þaðan.

TKÍ hefur skipað móta- og dómaranefndir sem saman munu taka þá málaflokka til algerrar endurskoðunar og uppbyggingar. Starfið er þegar hafið og fer vel af stað. Dómaranámskeið hafa verið haldin og útskrifuðum dómurum fjölgar hratt. Mótaskipulag hefur verið sett í gegnum staðlað form eins og þekkist erlendis og þannig verður komist hjá misskilningi og óvissu. Þessi vinna mun skila sér strax á fyrsta

tímabili en gert er ráð fyrir því að dómara- og mótamál á Íslandi verði orðin skv. ströngustu reglum heimssambandsins (WT) ekki síðar en 2021.

TKÍ stefnir að því að búa til sterka umgjörð um Cadet (12-14 ára), Junior (14-17 ára) og Senior (18 ára og eldri) hópana. Fyrsti verkþáttur er settur á tímabilið '19 - '20. Miðast hann við að koma sterkari stöðum undir þá keppendur sem við höfum nú þegar og því næst að ná til efnilegra yngri keppenda og koma þeim á hæfilegum hraða inn í starfið.

TKÍ setur sér það markmið að eignast 2-4 íþróttamenn á heimslista í sætum 20-50 innan fjögurra ára. Til þess að því markmiði verði náð þarf mikla og skipulagða vinnu auk samstarfs félaga á landinu. Efniviðurinn er klárlega til staðar og mun gott starfsumhverfi keppenda og þjálfara ásamt samvinnu hérlendis sem og erlendis skila góðum árangri.

Styrkleiki

Styrkleiki íþróttarinnar er einna helstur sá að við eigum góðan efnivið sem gæti náð mjög langt með aukinni og markvissari aðstoð við þjálfun og keppni. Annar styrkleiki hefur þróast allra síðustu árin en nú er svo komið að margir íslenskir þjálfarar og keppendur eru komnir með miklum mun sterkari tengsli við erlenda þjálfara og hópa en áður hefur þekktst hérlendis. Þetta er mikið sóknartækifæri fyrir TKÍ því nú er hægt að nálgast mun meiri reynslu og æfingar en áður og verður gaman að sjá þróunina hjá íslenskum keppendum á næstu árum.

Veikleiki

TKÍ hefur undanfarin ár glímt við ýmis vandamál, sérstaklega tengd samskiptum og tengdum málefnum. Ný stjórn hefur einsett sér að koma betra samstarfi á milli félaga og aðila innan hreyfingarinnar og hefur það farið vel af stað. Auk þess hefur verið misbrestur á regluverki og öðrum atriðum tengdum þeim en þar er einnig verið að lyfta grettistaki. TKÍ sér því fram á að á komandi misserum verði hægt að koma íþróttinni áfram á hraða sem hefur ekki verið hægt að gera ráð fyrir hingað til. Tengslanet okkar

fólks erlendis hefur vaxið jafnt og þétt og er nú gríðarsterkt. Þetta er einn af lykilþáttum þess að TKÍ horfir bjartsýnum augum á næstu ár.

Aðstaða fyrir keppendur okkar hefur snöggbatnað síðustu ár og er nú í mörgum félögum orðin viðunandi. Nokkur félög bera af í aðstöðu en enn er langt í land í flestum félögum. Aðstöðuleysið hamlar eðlilega þróun og útbreiðslu á þessari annars vinsælu íþrótt en TKÍ hefur sett sér markmið að fara í útbreiðslumálin á árunum '20 - '23, samhliða menntamálum þjálfara og annarra samverkandi þátta.

Hindranir

Hindranirnar eru þær helstar að þjálfunin er bæði tímafrek og kostnaðarsöm, keppnisferðir eru bæði erfiðar og kostnaðarsamar fyrir skólafólk og ungt fólk á vinnumarkaði, auk þess sem framhaldsskólanám og annað félagslíf veldur brottfalli úr íþróttinni. Því miður hafa eldri keppendur okkar hrakist úr íþróttinni í of miklum mæli. Til að minnka þetta hlutfall þarf TKÍ að koma til móts við fremstu keppendur landsins og er stefnan sett á að leggja aðaláhersluna á þennan hóp þegar kemur að styrkveitingum, næstu tvö árin. A-landsliðið í Senior verði því í forgangi þegar kemur að útteilingu styrkja á árunum '19 - '21 og á árunum '21 - '23 verður vonandi smátt og smátt hægt að bæta við yngri landsliðshópunum.

Verulegt átak þarf til að fjölga menntuðum þjálfurum og kennurum innan taekwondo-íþróttarinnar og jafnframt er það mjög áriðandi að styrkja og fjölga þeim aðilum sem eru tilbúnir að taka að sér dómarastörf og afla sér réttinda þar. Þó þarna hafi ýmislegt áunnist á síðustu árum má gera enn betur. Í dag eigum við tvo alþjóðlega dómara (annar þeirra dæmdi á Ólympíuleikum 2012), jafnframt sem við höfum eignast okkar fyrstu þjálfara með viðunandi þjálfaramenntun. Markmið Taekwondo-sambandsins er að gera átak í dómara og þjálfaramenntun í samræmi við þjálfaramenntun ÍSÍ á árunum '20 - '23, eftir að grunnurinn hefur verið lagður undir almenna samvinnu og góð samskipti.

Tækifæri

Tækifærin eru þau að íslenskir taekwondo-iðkendur hafa sýnt það með frammistöðu sinni að hæfileikafólk er hér til staðar. Þau hafa náð mjög góðum árangri í keppnum erlendis. Með betri og markvissari þjálfun, fleiri alþjóðlega menntuðum þjálfurum og dómurum og auknum erlendum samskiptum gætu fleiri komist í fremstu röð í heiminum á nokkrum árum.

Skipulag

TKÍ skipuleggur sína íþrótt- og afreksstefnu á eftirfarandi hátt árin '19 - '21. Afreksstefnan byggir á þremur hópum: A-landslið (18-35 ára), B-landslið (15-17 ára) og Cadet (12-14 ára). Auk þess stefnir TKÍ að bjóða 8-11 ára iðkendum að koma á opnar æfingabúðir, nokkrum sinnum á ári, þar sem þjálfarateymi TKÍ mun fara yfir grunnþætti bardagahluta taekwondo.

Árin '21 - '23 mun TKÍ beita sér fyrir því að stækka hópana og festa fleiri æfingar fyrir alla aldursflokka, eins og efni standa til. Til þess að það verði að veruleika er stefnt að aukinni kynningu á starfi TKÍ innan aðildarfélaganna sem og að þjálfarateymi kynna starf sitt með heimsóknum og kynningarfundum í félögum á öllu landinu.

Afreksstefna TKÍ

Stefna TKÍ gengur út á það að bæta enn árangurinn í íþróttinni á Íslandi og gera allt til þess að nota þá reynslu sem til er í hreyfingunni til þess að ná betri árangri á næstu árum. Árin '19 - '21 verður árangurinn mældur í fjölda iðkenda á landsvísu og fjölda keppenda/dómara á Íslands- og Bikarmótum TKÍ. Á árunum '21 - '23 verður árangurinn mældur í árangri landsliða á erlendum vettvangi sem og á framkvæmd móta innanlands og fjölda keppenda á þeim.

Í stuttu máli vinna íþróttamenn, þjálfarar, stjórnarmenn, deildir, félög, íþróttabandalög og héraðssambönd saman að því með TKÍ og ÍSÍ að skapa vinnugrundvöll til framtíðar. Með þessari nýju stefnu stóreflist TKÍ sem fagaðili taekwondo-íþróttarinnar í landinu og vinnur í samvinnu við ÍSÍ að því að ná betri árangri á alþjóðamælikvarða með

Ólympíuleika sem æðsta markmið. Því veit íþróttamaðurinn sem valin er í hópa TKÍ, fram í tímann hvaða verkefni eru til staðar, æfingabúðir, mót og annað og hefur þjálfara, og sérfræðinga sér við hlið í undirbúningnum. Síðast en ekki síst að þá veit afreksmaðurinn að hverju hann gengur fjárhagslega.

Afrekshópar TKÍ

A-landsliðshópur TKÍ og hans markmið myndar toppinn á afreksstefnu TKÍ. Hópnum er fyrst og fremst ætlað að undirbúa afreksfólk undir þátttöku á HM, EM og ÓL (kyorugi) auk annarra stórmóta. Markmið hópsins er jafnframt að koma sem flestum á og í úrslit á opnum stórmótum og G-class mótum.

Landsliðsþjálfari með aðstoð Landsliðsnefndar velur keppendur í A-landslið út frá eftirfarandi punktum:

- Keppendur skulu vera á 18 ári og hafa full alþjóðleg keppnisréttindi (1. dan svart belti, GAL leyfi o.s.fr).
- Keppendur skulu hafi unnið að lágmarki þrjá bardaga á G-class móti á innan við ári og/eða unnið til verðlauna á G-class móti þar sem þeir unnu að lágmarki tvo bardaga á því móti.
- Keppendur skulu vera reiðubúnir til að æfa og keppa undir merkjum landsliðsins, þjálfurum þess og í samráði við landsliðsnefnd og stjórn TKÍ.

B-landsliðshópur TKÍ

Auk þess að vera stökkpallur fyrir einstaklinga inn í A-landslið TKÍ þá er markmiðið með þessum hóp að mynda breiðan hóp einstaklinga sem B-landslið Íslands í taekwondo, hverju sinni.

Markmið B-landsliðsins eru að fylla í kröfurnar sem gert er til A-landsliðs, sjá hér að ofan. Í hópinn eru valdir einstaklingar 14 ára og eldri (junior og senior). Stefnt er að því í þessu hóp verði að jafnaði 16-20 manns. Verkefni þessa hóps er fyrst og fremst þátttaka í mótum eins og NM og G-class mótum.

Ungir og Efnilegir

Í hópinn eru valdir krakkar/unglingar á aldrinum 12 til 14 ára. Megin verkefni þessa hóps er undirbúningur undir þátttöku á NM og á opin mót ætluð yngri keppendum. Stefnt er að æfingabúðum fyrir þennan hóp allt að einu sinni í mánuði þar sem áhersla er lögð á fræðslu, aukin félagsleg tengsl og stuðning við upprennandi efnilega keppendur.

Verkefnastjóri

Stefnt er að því að ráða verkefnastjóra íþrótt- og afreksstefnu TKÍ eftir að uppbyggingarstarfi tímabilsins '19 - '21 lýkur. Hann mun hafa yfirumsjón með íþrótt- og afreksstefnunni samkvæmt starfssamningi sem stjórn TKÍ gerir við hann. Aðstoðarþjálfari verður valinn til eins árs í senn til að vera landsliðsþjálfara til aðstoðar. Stjórn TKÍ skipar 3-5 manna landsliðsnefnd sem verður landsliðsþjálfara til aðstoðar. Stefnt verður að því að nýta fagteymi ÍSÍ í samvinnu við þá, s.s. lækni, sjúkraþjálfara, nuddara, sálfræðing, næringarfræðing ásamt mælingum og prófunum.

Verksvið verkefnastjóra verður eftirfarandi:

- Hafa yfirumsjón með A og B landsliði sem og ungir og efnilegir hópnum.
- Vinna í samstarfi við félög.
- Hafa eftirlit með framkvæmd keppnisferða landsliða.
- Hafa eftirlit með að þjálfunarmál og aðstöðumál allra hópanna séu í lagi.
- Skipuleggja æfinga/keppnisferðir með félagsþjálfurum og keppendum.
- Sjá til þess að íþróttamennirnir nýti sér fagteymi ÍSÍ í samvinnu við TKÍ.
- Sjá um umsóknir í Afrekssjóð og aðra sjóði í samvinnu við stjórn TKÍ.
- Taka þátt og aðstoða í stefnumótun TKÍ til framtíðar.
- Vera milligönguaðili íþróttafólksins við stjórn TKÍ.

- Vera tengiliður stjórnar TKÍ og afreksíþróttamannanna við fjölmiðla.
- Koma að útbreiðslu og kynningu á íþróttinni á vegum TKÍ
- Setja inn æfinga og keppnisferðir á TKÍ.
- Taka þátt í fjárhagslegri stefnumótun TKÍ.

Verkefni landsliðshópa

A-landslið

HM, EM, úrtökur fyrir Ólympíuleika (kyorugi) og valin G-class mót.

B-landslið

Valin G-class mót, valin opin erlend mót.

Ungir og efnilegir

Valin opin erlend mót sem og innlend mót.

Allir hópar

Æfingabúðir og æfingabardagar á vegum TKÍ.

Afrekshópar

Stjórn TKÍ starfrækir eftirtalda landsliðshópa:

A-Landslið karla og kvenna: 18 – 34 ára

Landsliðsþjálfarar skulu vinna náið með þjálfurum þeirra félaga sem eiga menn í landsliðum á hverjum tíma. Verkefni A-landsliðs eru að vinna sér inn þátttökurétt á EM, HM og ÓL (kyorugi). A-landsliðsmenn skulu sækja æfingar, mót og æfingabúðir

heima og erlendis samkvæmt ákvörðun landsliðsþjálfara. TKÍ greiðir 75% af þessum kostnaði fyrir A-landslið en stefnir á að það verði 100%.

B-Landslið karla og kvenna: 18 – 34 ára

Verkefni B-landsliðs eru að vinna sér sæti í A-landsliði. Til þess að koma til greina sem A-landsliðsmaður þarf að uppfylla áður nefndar kröfur um árangur á G-class mótum. Innan þessa landsliðs eru einnig þeir sem ekki hafa sett markmið á stórmót en hafa samt í hyggju að keppa á alþjóðlegum vettvangi og eru hæfir til þess að mati landsliðsþjálfara. TKÍ greiðir allt að 50% af þessum kostnaði.

Landslið Íslands í taekwondo eru valin af landsliðsþjálfurum og eftir þörfum með aðstoð landsliðsnefndar hverju sinni og skulu þeir í það minnsta hafa eina til þrjár opnar úrtökuæfingar á ári.

Útbreiðsla

Á árunum '21 - '23 mun TKÍ ráðast í að efla útbreiðsluþátt sambandsins. Lögð verður áhersla á eftirtalda þætti útbreiðslustarfs í slíkum umsóknum:

- útgáfa kynningarbæklinga fyrir börn og íþróttakennara
- námskeið fyrir þjálfara
- aðstoð við félög og deildir sem eru að hefja eða efla íþróttastarf sitt
- heimsókn afreksmanna til félaga vítt og breitt um landið
- auka og efla þátttöku stúlkna og kvenna í íþróttinni.
- auka umfjöllun og umræður um taekwondo í fjölmiðlum.
- öflug heimasíða

Heilbrigðisteymi

Eins og stendur er ekki starfandi fagteymi hjá TKÍ. Sambandið mun aðstoða keppendur með að útvega sjúkraþjálfara og íþróttasálfræðing eftir þörfum. Stefnt er að því að koma á fót heilbrigðisteymi sem fyrst

Fræðslumál

Stefnt er að átaki í fræðslumálum þjálfara í samræmi við fræðslukerfi ÍSÍ. Námskeið fyrir þjálfara verða haldin samkvæmt því reglulega. Stefnt er að halda námskeið fyrir þjálfara a.m.k. einu sinni á ári. Einnig þarf að halda áfram góðri vinnu dómaranefndar og áframhalda dómaranámskeiðum.

Fjáröflun.

TKÍ aflar fjár til reksturs íþrótt- og afrekssstefnunnar með aðildarfélögum og íþróttamönnum sjálfum. Allar greiðslur frá Afrekssjóði ÍSÍ, frá Ólympíufjölskyldunni, frá Ólympíusamhjálpinni og samkvæmt styrktarsamningum þeirra einstaklinga sem eru í Afrekshópi TKÍ verða lagðar inn á reikning TKÍ.

Markmið TKÍ er að sjá alfarið um allan kostnað vegna keppnisferða og æfingabúða þeirra sem eru í A-landsliði. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna æfingabúða B-landsliðs og Unga og efnilegra greiðist að fullu eða að hluta af félögum og/eða íþróttamönnum.

Lausleg áætlun um rekstur A-landsliðin gerir ráð fyrir um 4-6 millj. króna veltu á ári. Árlegur kostnaður við keppnisferðir, æfingabúðir, landsliðsþjálfara og sérfræðiþjónustu er áætlaður 3-5 millj.kr. Tekjur eru áætlaðar frá Afrekssjóð ÍSÍ, öðrum sjóðum ÍSÍ og frá fyrirtækjum í formi styrkja. Fylgst verður með því að útgjöld fara aldrei fram úr tekjum sem búið er að tryggja á hverjum tíma.

Aðilar og ábyrgð.

Stjórn TKÍ hefur alla umsjón og ber ábyrgð á afreksstefnu TKÍ.

Beinir aðilar að afreksstefnunni eru: Stjórn TKÍ, Afrekssjóður ÍSÍ, landsliðsnefndir, sérþjálfarar, taekwondofélögin og keppendur.

TKÍ hefur yfirumsjón með allri fjáröflun og úthlutun afreksstyrkja. Stjórn TKÍ getur falið undirnefndum á vegum stjórnar og félögum til að annast framkvæmd einstakra þátta afreksstefnunnar.

TKÍ skal kynna keppendum hlutverk þeirra, skyldur og væntingar sem gerðar eru til þeirra sem valdir eru í afrekshóp og/eða landsliðs sambandsins.

TKÍ skal vinna að því að virkja það fólk sem kemur að afreksmannastefnunni, til að vinna jafnframt með hóp ungra og upprennandi afreksmanna.